

Föstudaginn 6. maí 1983.

Nr. 214/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ragnheiði Valgarðsdóttur

(Othar Örn Petersen).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærðu með stefnu 13. október 1982. Er málinu einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds.

Ágrip málsins barst Hæstarétti 1. febrúar 1983.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að refing verði dæmd svo væg sem lög frekast leyfa og verði hún skilorðsbundin. Einnig krefst hann, að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun sín.

Brot þau, sem ákærðu er gefið að sök í fyrri ákærulið, voru framin á tímabilinu frá janúar til mars 1980.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um sakfellingu samkvæmt þessum ákærulið svo og færslu háttsemi ákærðu, er þar greinir, til refsíákvæða, þó svo, að hvorki lögum nr. 60/1980, sem birt voru 16. júní 1980, né lögum nr 75/1982, sem birt voru 10. júní 1982, verður beitt, sbr. 2. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Við þingfestingu málsins 14. desember 1981 lýsti ákærða yfir því, að hún kannaðist ekki við það, að hún hefði afhent Helgu Gísladóttur fé til hasskaupa, svo sem ákærðu er gefið að sök í II. ákærulið. Þessi yfirlýsing stangaðist á við skýrslu, sem ákærða hafði gefið fyrir lögreglu við rannsókn málsins hinn 13. janúar 1981. Hefði átt að bera þá skýrslu sérstaklega undir ákærðu og spyrja hana, hvernig í því lægi, að hún vildi nú skýra frá á annan hátt. Þá átti enn fremur

að inna hana frekar eftir þessu ákæruatriði. Svo sem sakargögnum er farið, þykir bera að sýkna ákærðu af kröfu ákærvalds skv. þessum ákærulið.

Við refsíákvörðun ber að hafa hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Refsivist ákærðu þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Samkvæmt 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976, sbr. enn fremur 5. gr. laga nr. 65/1974, verður ákærða dæmd til að greiða 10.000.00 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 15 daga fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku á 289.500 gömlum krónum er staðfest.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsivist ákærðu, Ragnheiðar Valgarðsdóttur, á að vera óraskað. Ákærða greiði 10.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 14. júlí 1982.

Á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 113, Reykjavík, miðvikudaginn 14. júlí 1982, var kveðinn upp

af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa dómur í sakadómsmáli nr. 842/1981: Ákærvaldið gegn Ragnheiði Valgarðsdóttur.

Málið var höfðað á hendur Ragnheiði Valgarðsdóttur, fæddri 13. mars 1957 í Hafnarfirði, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni:

„I.

Í janúar 1980 keypt ásamt Ingiborgu Lindu Mogensen allt að 500 grömmum af hassi á Spáni og flutt ásamt henni hingað til lands þann 19. janúar 1980. Átti þessi vinkona ákærðu allt að 100 grömmum af efni, en ákærða og sambýlismaður hennar, Eggert Bjarni Arnórsson, allt að 400 grömmum. Síðan selt ásamt honum efnið á allt að kr. 10.000 hvert gramm, en efnið kostaði á Spáni í það heila allt að 60.000 pesetum.

II.

Í mars 1980 lagt fram fé til Helgu Gísladóttur vegna ferðar, sem Valur Hugason Hraunfjörð fór til Kaupmannahafnar til hasskaup, og fengið, er hann kom heim með efni, í sinn hlut allt að 120 grömmum af hassi, sem ákærða síðan endurseldi með hagnaði.

Af kaupendum, sem versluðu beint við ákærðu með efni, sem nefnt er í liðum I—II hér að framan, má nefna sem stærsta nefnda Helgu Gísladóttur með allt að 100 grömmum og Kolbein Inga Gíslason með allt að 140 grömmum.“

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíknisefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíknisefna nr. 390/1974.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til að sæta upptöku á ísl. peningum, gkr. 289.500, enskum pundum 33.00 og tékka frá Samvinnubanka að fjárhæð gkr. 58.000, útg. af Magnúsi J. Magnússyni, sem hald var lagt á við rannsókn málsins samkvæmt 6. mgr. 5. gr. nefndra laga nr. 65/1974, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærða hefur, svo sem áður er rakið, náð sakhæfisaldri og hefur sætt eftirfarandi kærur og refsingum, svo kunnugt sé:

- 1978 12/5 í Reykjavík: Sátt, 50.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Ökuleyfissvipting 3 mán. frá 12/4 1978.
- 1979 7/3 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Sátt, 24.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 77. gr. og að hluta 5. gr. hegningarlaga.
- 1980 22/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Sátt, 90.000 kr. sekt fyrir brot

gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 78. gr. hegningarlaga.

1980 6/8 í Reykjavík: Ávana-og fíkn: Sátt, 160.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. og 77., 71. og 78. gr. hegningarlaga.

MÁLSATVIK.

Ákæruliður I.

„Í janúar 1980 keypt ásamt Ingiborgu Lindu Mogensen allt að 500 grömmum af hassi á Spáni og flutt ásamt henni hingað til lands þann 19. janúar 1980. Átti þessi vinkona ákærðu allt að 100 grömmum af efninu, en ákærða og sambýlismaður hennar, Eggert Bjarni Arnórsson, allt að 400 grömmum. Síðan selt ásamt honum efnið á allt að kr. 10.000 hvert gramm, en efnið kostaði á Spáni í það heila allt að 60.000 pesetum.“

Ákærða var yfirheyrd fyrir dómi 6. mars 1980. Kvað ákærða sig hafa haldið til Spánar í janúar s. á. ásamt Ingiborg Lindu Mogensen. Lagði Eggert Bjarni Arnórsson ákærðu til fé í för þessa og til hasskaupa. Kvað ákærða sig ásamt Ingiborg Lindu hafa keypt á Spáni tæp 500 gr af hassi fyrir 60.000 peseta. Átti Ingiborg 100 gr af efninu, en ákærða kvað sig ásamt sambýlismanni sínum, Eggert Bjarna, hafa átt um 400 gr.

Ákærða lýsti við dómseyfirheyrslu 7. mars 1980 sölu sinni á 260 gr af fíkniefnum til fjögurra nafngreindra aðilja.

Ákærða kvað sig eiga haldbæra 1 milljón gkr., sem væri söluandvirði fíkniefna. Þann 10. mars s. á. framvísaði ákærða 289.500 gkr. sem söluandvirði fíkniefna.

Ákærða bar við lögregluýfirheyrslu 10. mars s. á., að hvert gramm efnis hafi að jafnaði verið selt á gkr. 10.000. Ákærða kvað sig hafa úr nefndri Spánarferð flutt með sér hingað til lands 390—395 gr af hassi. Kvað ákærða Eggert Bjarna hafa dreift einhverju af efninu, en ákærða taldi sig hafa dreift 290 gr. Kvaðst ákærða eftir að hafa gefið 15 gr af efninu hafa fengið 2.750.000 gkr. sem andvirði seldra fíkniefna.

Þrír hinna fjögurra nafngreindra aðilja, er ákærða kvaðst hafa selt hass-efni, hafa stutt framburð ákærðu og viðurkennt að hafa átt við ákærðu fíkniefnaviðskipti.

Ingiborg Linda Mogensen var yfirheyrd hjá lögreglu 6. mars 1980. Kvað Ingiborg sig þá hafa keypt um 500 gr af hassi á Spáni í janúar 1980. Kvað Ingiborg sig hafa átt um 100 gr, en ákærða hafi átt um 400 gr. Ingiborg staðfesti framburð sinn fyrir dómi 7. s. m.

Eggert Bjarni Arnórsson bar við dómseyfirheyrslu 5. mars 1980 að hafa lagt ákærðu til fé til farar þeirrar, er í þessum ákærulið getur. Kvað Eggert

sig hafa tekið á móti ákærðu við heimkomu úr förinni. Efnið hafi við vigtun reynst vega 490 gr. Hafi Ingiborg fengið 100 gr þar af. Kvað Eggert sig síðan hafa selt nafngreindum aðiljum alls um 90 gr af efninu, áður en hann var handtekinn vegna fikniefnamisferlis, og hafi því um 300 gr af efninu verið eftir.

Er þessi ákæruliður var borinn undir ákærðu í þinghaldi 14. desember 1981, þá kvaðst ákærða ekki minnast þess, að Eggert Bjarni hafi selt af efni, er um ræðir í þessum ákærulið.

Ákæruliður II.

„Í mars 1980 lagt fram fé til Helgu Gísladóttur vegna ferðar, sem Valur Hugason Hraunfjörð fór til Kaupmannahafnar til hasskaupa, og fengið, er hann kom heim með efni, í sinn hlut allt að 120 gr af hassi, sem ákærða síðan endurseldi með hagnaði.“

Helga Gísladóttir bar fyrir dómi 30. október 1980 að hafa staðið að Kaupmannahafnarferð Vals Hugasonar Hraunfjörð í mars s. á. Kvað Helga ákærðu hafa lagt fram um 1.300.000 gkr. til þeirrar farar. Hafi svo um samist, að framlag ákærðu væri gkr. 650.000, en 650.000 væri lán til Helgu frá ákærðu. Kvað Helga áður nefndan Val hafa komið heim með um 300 gr af hassi hingað til lands og hafi ákærðu síðan verið afhentur helmingur efnisins.

Valur Hugason Hraunfjörð kom fyrir dóm 8. október 1980. Bar Valur þá að hafa haldið í áðurgreinda Kaupmannahafnarför og keypt þar 350 gr af hassi og flutt hingað til lands.

Ákærða var yfirheyrð hjá lögreglu 13. janúar 1981. Kvað ákærða sig hafa lagt Helgu Gísladóttur til gkr. 1.300.000 til utanfarar, er Helga stóð að, til Kaupmannahafnar til hasskaupa. Kvaðst ákærða hafa lánað Helgu helming nefndrar fjárhæðar, eða 650.000 gkr. Sjálf kvaðst ákærða hafa lagt fram sem sinn hlut hinn helminginn, eða 650.000 gkr. Kvaðst ákærða hafa mótttekið 120 gr af hassi vegna framlags síns. Þar af kvaðst ákærða hafa selt tveimur nafngreindum aðiljum.

Ákærða lýsti í þinghaldi 14. desember 1981, að hún kannaðist ekki við að hafa afhent Helgu Gísladóttur fé til hasskaupa.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákæruliður I.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærðu, sem studdur er af framburðum fleiri aðilja, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa í janúar 1980 keypt ásamt Ingiborg Lindu Mogensen allt að 500 grömmum af hassi á Spáni fyrir 60.000 peseta og flutt ásamt henni hingað til lands þann 19. janúar 1980. Átti Ingiborg allt

að 100 grömmum af efninu, en ákærða og sambýlismaður hennar, Eggert Bjarni Arnórsson, allt að 400 grömmum. Ákærða seldi síðan verulegan hluta efnanna ásamt Eggert Bjarna á gkr. 10.000 hvert gramm.

Hefur ákærða því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður II.

Ákærða kvað sig í þinghaldi 14. desember 1981 ekki kannast við að hafa lagt Helgu Gísladóttur til fé til hasskaupa.

Áður höfðu ákærða og Helga Gísladóttir borið efnislega á sama veg varðandi fjárframlag ákærðu til fíkniefnakaupa. Þá styður framburður Vals Hugasonar Hraunfjörð að hluta fyrri framburði ákærðu og Helgu.

Þrátt fyrir framburð ákærðu í þinghaldi 14. desember sl. telur dómurinn nægilega sannað með eldri framburði ákærðu, sem er studdur af framburði Helgu Gísladóttur og að hluta studdur af framburði Vals Hugasonar Hraunfjörð, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa í mars 1980 lagt Helgu Gísladóttur til fé vegna ferðar Vals Hugasonar Hraunfjörð til Kaupmannahafnar til hasskaupa. Ákærða fékk í sinn hlut 120 grömm af hassi. Ákærða seldi síðan hluta efnisins.

Hefur ákærða samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ofangreind brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Ákærða hefur samkvæmt sakavottorði þrívægis gengist undir dómssátt vegna brota á fíkniefnalöggjöf. Voru sáttirnar gerðar 7. mars 1979, 22. janúar 1980 og 6. ágúst 1980. Verður refsing ákærðu hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin sem fangelsi í 60 daga.

Með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. sbr. 4. gr. laga 101/1976, er ákærðu gert að greiða kr. 20.000.00 í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi fangelsi í 90 daga í hennar stað.

Gerð var húsleit á heimili ákærðu að Stórholti 18, Reykjavík, 22. janúar 1980. Við húsleitina var m. a. lagt hald á 33 ensk pund og tékka frá Samvinnubanka að fjárhæð gkr. 58.000, útgefinn af Magnúsi J. Magnússyni. Þess er krafist af hálfu ákæruvaldsins, að ofangreint fé verði gert upptækt með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974. Ákærða bar hjá lögreglu 22. janúar 1980 og fyrir dómi 14. desember sl.,

að ofangreind ávísun væri ekki á sínum vegum, heldur komin frá Eggert Bjarna, sambýlismanni ákærðu.

Með vísan til ofanritaðs og gagna málsins verður að hafna kröfu ákæruvaldsins um upptöku ofangreindrar ávísunar og 33 enskra punda og telja, að ekki sé komin fram lögfull sönnun þess, að ofangreint fé sé andvirði ólögmaðrar sölu fikniefna, sbr. 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fikniefni nr. 65/1974.

Með vísan til 6. mgr. 5. gr. laganna um ávana- og fikniefni er fallist á kröfu ákæruvaldsins um upptöku á 289.500 gkr., sem lagt var hald á við rannsókn málsins. Ofangreind fjárhæð er andvirði seldra fikniefna.

Með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Ragnheiður Valgarðsdóttir, fædd 13. mars 1957, skal sæta fangelsi í 60 daga.

Ákærða greiði kr. 20.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi fangelsi í 90 daga í sektar stað.

Upptækar til ríkissjóðs skuli gkr. 289.500, merktar munaskrá 182 í vörslu lögreglu.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns.
